



**RÁÐHERRAFUNDUR FRÍVERSUNARSAMTAKA EVRÓPU,  
GENF, 23. NÓVEMBER 2010**

**FRÉTTATILKYNNING (<sup>1</sup>)**

Ráðherrafundur Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) var haldinn í Genf 23. nóvember 2010 undir stjórn Johann N. Schneider-Ammann, sambandsráðherra og yfirmanns efnahagsráðuneytis Sviss. Ráðherrar EFTA-ríkjanna fjögurra fengu til fundar við sig Elvira Nabiullina, efnahagspróunar- og viðskiptaráðherra Rússneska ríkjasambandsins, Nikolai Snopkov, efnahagsráðherra Hvítarússlands, og Zhanar Aitzhanova, efnahagspróunar- og viðskiptaráðherra Kasakstans, við formlegt upphaf viðræðna um víðtækan fríverslunarsamning.

**Efnahagsástand á heimsvísu**

EFTA-ráðherrarnir ræddu núverandi ástand efnahagsmála í heiminum og sögðu ánægjulegt að milliríkjaviðskipti hefðu aukist umtalsvert. Þeir ítrekuðu stuðning EFTA við hið fjölbjóðlega viðskiptakerfi og vöktu athygli á því hlutverki sem fríverslunarsamningar gegna við að stuðla að auknu viðskiptafrelsi um heim allan. Ráðherrarnir lýstu yfir stuðningi sínum við þann ásetning leiðtoga G20-ríkjanna að nýta tækifærið sem gefst árið 2011 til að ljúka Doha-viðræðunum á farsælan og yfirvegaðan hátt. Ráðherrarnir lögðu áherslu á að nauðsynlegt væri að standa með skjótum hætti við gefin loforð og ljúka viðræðunum.

**Upphaf samningaviðræðna við Rússland, Hvítarússland og Kasakstan**

Ráðherrar EFTA-ríkjanna og ráðherrar frá Rússlandi, Hvítarússlandi og Kasakstan undirrituðu sameiginlega yfirlýsingu við upphaf samningaviðræðna um víðtækan fríverslunarsamning og fólu fulltrúum sínum að hefja formlegar viðræður í janúar 2011. Ráðherrarnir lýstu þeim væntingum sínum að fríverslunarsamningur yrði til þess að styrkja efnahagstengsl milli aðilanna með auknum viðskiptum og fjárfestingum. Rússland, Hvítarússland og Kasakstan mynduðu í sameiningu 5. mikilvægasta útflutningsmarkað EFTA-ríkjanna á árinu 2009 og innflutningur þaðan var í 4. sæti yfir innflutning frá ríkjum utan ESB; heildarvöruviðskipti við þessi ríki námu 6,2 milljörðum Bandaríkjadala það ár.

**Önnur ívilnandi viðskiptasambönd**

---

(<sup>1</sup>) Þetta er óopinber þýðing úr ensku unnin af EFTA-skrifstofunni.

EFTA-ráðherrarnir fóru yfir stöðu og horfur að því er varðar ívilnandi viðskiptasambönd við samstarfsaðila um allan heim. Þeir bentu á að árangur hefði náðst í viðræðum við Hong Kong og lýstu þeirri von sinni að þeim myndi ljúka tímanlega. Ráðherrarnir sögðu þann árangur, sem nýlega hefði náðst í viðræðum við Indland, ánægjufni og lögðu áherslu á mikilvægi Indlands sem viðskiptaríkis EFTA-ríkjanna í framtíðinni. Þeir lýstu yfir ánægju sinni með starf sameiginlegs vinnuhóps EFTA og stjórnvalda í Víetnam og sögðust hlakka til að fá niðurstöður hans í hendur á fyrsta ársfjórðungi 2011.

Ráðherrarnir sögðu ánægjulegt að samningaviðræður við Indónesa myndu hefjast snemma árs 2011. Þeir fóru yfir undirbúning fríverslunarviðræðna við Bosníu-Hersegóvínu og Svartfjallaland, með það fyrir augum að hefja samningaviðræður á næsta ári.

Ráðherrarnir lýstu yfir áhuga sínum á að styrkja efnahagssamvinnu og efla frekar viðskipta- og fjárfestingatengsl við Malasíu innan ramma yfirlýsingar um samstarf sem var undirrituð í júlí. Þeir voru einhuga um að kanna þann möguleika, á fyrra helmingi 2011, að stofna til nánari viðskiptatengsla við hóp ríkja í Mið-Ameríku (Kostaríku, El Salvador, Gvatemala, Hondúras, Níkaragva og Panama). Ráðherrarnir voru enn fremur á einu máli um að fylgjast með þróun mála í Alsír og Taílandi, með það fyrir augum að hefja aftur viðræður við þessi lönd þegar aðstæður leyfa.

### **Þingmannanefnd EFTA**

Ráðherrarnir skiptust á skoðunum við þingmannanefnd EFTA um nýlega framvindu mála og forgangsverkefni hvað varðar fríverslunarsambönd við umheiminn.

#### **Fundinn sátu:**

Sviss: Johann N. Schneider-Ammann, sambandsráðherra, yfirmaður efnahagsráðuneytis sambandslýðveldisins (fundarstjóri)

Ísland: Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, ráðherra utanríkisviðskipta

Liechtenstein Aurelia Frick, utanríkisráðherra

Noregur: Trond Giske, viðskipta- og iðnaðarráðherra

EFTA: Kåre Bryn, framkvæmdastjóri

---